



# Áburðarnotkun í beitarhólf

## Spurningar og svör

- » **Hvað þarf að bíða lengi eftir að áburði er dreift, þar til má beita?**  
Í raun er í lagi að beita strax eftir áburðargjöf en betra er að bíða í ca. viku eða þar til áburður hefur leyst upp að hluta eða öllu leyti. Ræðst af raka og úrkomu.
- » **Þarf að vökva þegar búið er að dreifa áburðinum, ef það rignir ekki?**  
Það er alltaf einhver raki sem leysir upp áburðinn. Best er að dreifa áburðinum í logni og rétt fyrir úrkomu, þó ekki slagveður þannig að áburðurinn skolist í burtu!
- » **Getur áburður brennt grasið?**  
Áburður getur brennt grasið ef mikið er sett af honum. Einnig er hættu á bruna ef borið er á í miklum þurrki. Best að bera á rétt fyrir rigningu.

### » **Hvað á að dreifa miklu?**

Ráðlagður skammtur til hrossabeitar er frá 20 kg N/ha til 60 kg N/ha.

Áburðartegund	kg N/ha	kg áburðar/ha
Kalksalpeter	20-30 kg	160 kg
NPK 23-3-8+Se	40-60 kg	147-261 kg

N = köfnunarefni P = fosfór K = kalí Se = selen ha = hektara

### » **Hvenær er kominn tími á að hvíla hólfið?**

Mikilvægt er að lesa í landið og ganga ekki of nærri því. Ef landið er nauðbitið og ekkert eftir nema mosi þá þarf að hvíla það, kalka, bera á áburð og mögulega einnig að sá grasfræi.

